



STÆR1AA05

Námsáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir forgangsröð aðgerða, brotareikning, bókstafareikning (algebru) og jöfnureikning. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

Námsgögn:

- **UPP Á PUNKT** – höfundur: Kjartan Heiðberg. Útgefandi: Iðnú, 2009.
- Annað efni í samráði við kennara
- Vasareiknir og rúðustrikuð vinnubók

Námsmat:

Stöðupróf á önn	70%
Ástundun	5%
Vinnubók	5%
Heima/tímaverkefni	20%

Nemendur eru hvattir til að sinna náminu samviskusamlega og tileinka sér skipulögð vinnubrögð en ástundun í tíma og einkunn fyrir vinnubók gilda samtals 10% af heildareinkunn áfangans.

Þá verða lögð fyrir heimaverkefni og tímaverkefni sem ber að skila og gilda þau 20% af lokaeinkunn.

Stöðupróf úr köflum gilda svo 70% af lokaeinkunn. Ef nemandi nær ekki 60% af námsmarkmiðum annarinnar ber honum að taka lokapróf upp úr öllu námsefni annarinnar sem gildir 70% á móti 30% annareinkunn.

Ábending frá kennurum:

Fjarvera úr tíma lengur en 10 mínútur jafngildir fjarvist úr kennslustund. Árangur næst aðeins ef nemandi mætir vel og stundvíslega í kennslustundir og stundar námið af alvöru.

Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna eða veldur truflun þá er kennara heimilt að vísa honum úr tíma og skrá fjarvist á hann.

Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennarans.

Yfirferðaráætlun:

Vika	Efni
33-36	Aðgerðirnar 4
37-38	Röð aðgerða
39-41	Almenn brot
42-44	Bókstafareikningur / algebra
45-47	Jöfnur
48	Upprifjun

Þeir nemendur sem treysta sér til að fara hratt og vel yfir efni bókarinnar eiga möguleika á því að ljúka áfanganum STÆR1BB05 í samráði við kennara.

Ath. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

FSu 16. ágúst 2021

Gangi þér vel á önninni!

Kennarar:

Kjartan Ólason (KÓ) og Kristjana Sigríður Skúladóttir (KSS)